



**HEILBRIGÐISVÍSINDABÓKASAFN**  
**LANDSPÍTALA OG HÁSKÓLA ÍSLANDS**

**Ársskýrsla**

**Heilbrigðisvísindabókasafns Landspítala og Háskóla Íslands**

**2022**

**8. maí 2023**

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	2
Almennar upplýsingar .....	2
Stjórn og starfsemi Heilbrigðisvísindabókasafns .....	3
Fjármál .....	3
Áskriftir og innkaup.....	4
Kennsla.....	6
Innlent samstarf.....	6
Erlent samstarf.....	8
Starfsmannamál.....	8
Húsnæði, tækjakostur og hugbúnaður .....	8
Viðaukar.....	9

## Inngangur

Landspítali hefur rekið fagbókasafn frá árinu 1968, fyrst inni á spítalanum sjálfum en frá árinu 1986 í Eirbergi, að frátöldum árunum 2016 til 2019 þegar starfsemin var flutt að Rauðarárstíg 10 vegna rakaskemmda í Eirbergi. Þann 9. september 2019 flutti safnið aftur á fornar slóðir í Eirbergi.

Árið 1987 var gert samkomulag milli Ríkisspítala og Háskóla Íslands um þjónustu Bókasafns Landspítala við ákveðnar námsbrautir og kennslugreinar á sviði heilbrigðisvísinda. Í framhaldi af því var sett á fót samstarfsnefnd Ríkisspítala og Háskólans sem gera skyldi tillögur um framtíðarskipan þjónustunnar.

Árið 1993 var gengið frá samkomulagi á milli Bókasafns Landspítala og Háskólabókasafns. Annars vegar um að útibú þess síðar nefnda á sviði hjúkrunarfræði, sem rekið hafði verið um árabíl í Eirbergi, rynni inn í rekstur Bókasafns Landspítala og hins vegar um greiðslur Háskóla Íslands vegna reksturs og þjónustu Bókasafns Landspítala. Sambærilegt samkomulag var gert varðandi þjónustu við læknadeild í upphafi árs 1994. Bókasafn Landspítala starfaði síðan í samræmi við þetta allar götur til haustsins 2013 þegar undirritaður var samningur á milli rektors HÍ og forstjóra Landspítala um rekstur Heilbrigðisvísindabókasafns Landspítala og Háskóla Íslands sem gildi frá 2014-2018. Samningurinn var endurnýjaður 2019 til 5 ára og endurnýjast sjálfkrafa að loknum þeim tíma nema honum verði sagt upp.

## Almennar upplýsingar

Bókasafnið er til húsa í Eirbergi, 1.hæð. Það er opið virka daga frá kl. 8 til 16 og síminn er 543 1450.

Netfang er [bokasafn@landspitali.is](mailto:bokasafn@landspitali.is) Vefsíða bókasafnsins er <http://bokasafn.landspitali.is>

Facebooksíða safnsins er [Heilbrigðisvísindabókasafn LSH og HÍ](#)

Workplacesíðan er [Bókasafn - Heilbrigðisvísindabókasafn LSH og HÍ](#)

Twitter reikningurinn er [Heilbrigðisvísindabokasafn LSH og HÍ](#)

## Stjórn og starfsemi Heilbrigðisvísindabókasafns

Stjórn safnsins er skipuð í samræmi við 3. grein samnings um rekstur Heilbrigðisvísindabókasafns Landspítala og Háskóla Íslands. Í henni sitja Magnús Gottfreðsson, yfirlæknir Vísindadeildar Landspítala og Anna Sigríður Guðnadóttir, verkefnastjóri safnsins. Fulltrúi Heilbrigðisvísindasviðs HÍ í stjórninni er Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir landsbókavörður. Stjórnin hélt einn fund á árinu, þann 19. maí 2022. Um samstarf Heilbrigðisvísindabókasafns og Landsbókasafns sbr. 6. grein samningsins er vísað í kaflann Innlent samstarf á bls. 6 í skýrslu þessari.

Heilbrigðisvísindabókasafn LSH og HÍ er fagbókasafn á heilbrigðisviði sem þjónar fyrst og fremst heilbrigðisstarfsfólki innan LSH og kennurum og nemendum í heilbrigðisvísindum innan Háskóla Íslands. Hlutverk þess er að veita aðgang að þeim vísindalegu og klínísku upplýsingum og þekkingu sem þessir aðilar þurfa í námi, klínísku starfi og rannsóknum. Safnið er þó öllum opið og rafræn gögn aðgengileg á staðnum.

Bókasafnið sinnir öllum hefðbundnum störfum sem unnin eru á spítala- og rannsóknarbókasöfnum. Þar má helst telja samninga um aðgang að rafrænum og prentuðum gögnum og upplýsingamiðlum sem og innkaup þeirra. Umsjón aðgangsstýringar og framsetningar gagna svo notendur hafi aðgang á sem einfaldastan máta. Skráning safnkosts í bókasafnskerfi landsins og önnur rafræn kerfi sem auðvelda aðgang að safnkosti og niðurstöðum rannsókna. Þjónustan felur m.a. í sér kennslu og leiðsögn starfsfólks LSH og nemenda og kennara HÍ varðandi nýtingu safngagna og annarra upplýsingaveitna, heimildaleitir, millisafnalán, greinabjónustu og almenna aðstoð varðandi flest það sem snertir safngögn, heimildaskráningu og upplýsingaöflun.

Starfsfólk bókasafnsins hefur tekið að sér umfangsmeira starf við útgáfu vísindaskýrslu Landspítala. Auk söfnunar upplýsinga um útgefið efni starfsfólks spítalans eins og fyrri ár, þá hefur verið safnað saman fleiri tölulegum upplýsingum s.s. fjölda doktors- og meistaranema. Þá hefur safnið tekið ríkari þátt í sjálfri útgáfu skýrslunnar.

## COVID

Eins og fram hefur komið í ársskýrslu undanfarinna tveggja ára hafði heimsfaraldurinn mikil áhrif á starfsemi safnsins. Ástandið horfði til betri vegar á árinu 2022 þó talsvert væri um heimavinnu starfsmanna fyrstu tvo mánuði ársins vegna tilmæla stjórnenda spítalans sem og covidveikinda. Með hækkandi sól færðist starfsemin í sitt fyrra horf.

## Fjármál

Á árinu 2022 var rekstrarkostnaður Heilbrigðisvísindabókasafnsins 139,5 milljónir króna sem er um 3,4 milljónum lægri upphæð en árið 2021. Kostnaður við kaup rafrænna tímarita og annarra rafrænna gagna nam um 127,8 milljónum króna á árinu sem er um 11,4 milljónum lægri upphæð en 2021. Brugðist var við niðurskurðarkröfu og hækkandi áskriftaverði með uppsögnum áskrifta undir árslok 2021 sem tóku gildi 2022, sjá nánar á bls. 5. Þess skal getið áskriftargjöld að rafrænum gögnum eru greidd fyrir fram og langstærsti hlutinn í desember til janúar ár hvert. Gengi Evru var mun hagstæðara í þeim mánuðum árið 2021/2022 en ári fyrr sem skýrir stærstan hluta verðlækkunar í íslenskum krónum.

Launakostnaður á árinu nam um 59 milljónum króna.

### **Þjónustusamningar**

Bókasafnið hefur um langt árabil gert samninga við ýmsar stofnanir á heilbrigðissviði um aðgang að þjónustu safnsins og safnkosti. Þjónustusamningar voru sjö talsins eins og undanfarin tvö ár. Þjónustusamningum hefur fækkað mikið undanfarin ár. Þess má geta að á árinu 2014 gerðu 14 stofnanir samning við bókasafnið. Greiðslur til safnsins vegna þjónustusamninga námu 3,5 milljónum króna á árinu 2022.

### **Áskriftir og innkaup**

#### **Gagnasöfn**

Engin ný gagnasöfn voru tekin í áskrift á árinu 2021. Áskriftin að Cochrane Library var flutt frá OVID til Wiley sem á gagnasafnið og við það spöruðust um 270.000 krónur miðað við gengi á þeim tíma.

Lista yfir gagnasöfn í áskrift er að finna á þessari slóð: <http://bokasafn.landspitali.is/?PageID=15490>

#### **Rafbækur**

Engin ný rafbók bættist í safnið á árinu. Áskrift að APA PsycBooks safninu var sagt upp fyrir 2022 vegna lítillar notkunar og var sparnaður af þeirri uppsögn um 600.000 krónur miðað við gengi á þeim tíma.

Rafbókakosturinn í séreign safnsins er nú um 425 titlar en margar þeirra orðnar ákaflega gamlar. Þar fyrir utan er aðgangur að fjölda rafbóka á heilbrigðissviði í gegnum þátttöku safnsins í landsaðgangi að rafrænum gögnum.

Rafbækur, bæði séreign safnsins, landsaðgangsbækur og bækur í opnum aðgangi, má nálgast á þessari slóð: <http://gegnir.hosted.exlibrisgroup.com/lhrml/ebooksearch?lang=ice>

Rafbækur safnsins eru einnig skráðar og aðgengilegar í gegnum Gegni/Leitir [https://leitir.is/primo\\_library/libweb/action/search.do?vid=LHRMLV&prefLang=en\\_US](https://leitir.is/primo_library/libweb/action/search.do?vid=LHRMLV&prefLang=en_US)

#### **Bækur, prentaðar**

Á árinu 2022 voru keyptar fjórar prentaðar bækur, sjá bls. 9. Upplýsingar um prentaðar bækur safnsins má finna í Gegni (leitir.is)

## Tímarit

Fjöldi erlendra tímarita í séráskrift bókasafnsins í árslok 2022 var vel á sjötta hundrað titla þ.e. þar sem aðgangur er að tímaritshefti strax við útgáfu þess. Allar áskriftirnar eru rafrænar. Í tímaritapökkunum frá OVID, í LWW áskriftarpakkanum og PsycArticles pakkanum eru líka, auk „current“ tímarita, fjöldi eldri titla sem ekki koma lengur út og er fjöldinn breytilegur frá ári til árs og ekki unnt að gefa upp eina endanlega tölu. Til viðbótar við ofangreindar séráskriftir er safnið með fjölda tímarita í áskrift í gegnum samstarfið í Landsaðgangi.

Þegar líða tók á árið var 10 tímaritum bætt við séráskriftir safnsins, sjá viðauka bls. 9.

Áskriftartímarit bókasafnsins má nálgast hér: <http://gegnir.hosted.exlibrisgroup.com/lhrml/journalsearch>  
Auk séráskrifta safnsins er þarna aðgangur að áskriftum í gegnum landsaðgang sem og tímaritum í opnum aðgangi sem skráð eru í DOAJ.

### ○ Endurnýjanir

Almennt séð gengu samningar við erlenda útgefendur vel en tóku tímann sinn líkt og fyrri ár. Flestir útgefendur hækkuðu áskriftargjöld nokkuð, en nokkrir buðu sömu verð í erlendri mynt eins og margir höfðu gert á fyrri ári vegna covid.

Eins og fyrri ár stóð bókasafnið frammi fyrir hagræðingarkröfu frá stjórn spítalans fyrir árið 2022 og til að mæta henni að hluta var sagt upp áskriftum 3 tímarita, að upphæð um 1.000.000 íslenskra króna miðað við gengi á þeim tíma, sem voru helmingi færri titlar en sagt var upp árið áður sem aftur voru helmingi færri titlar en sagt var upp fyrir árið 2020. Við uppsagnir er horft til notkunar, verðs og fjölda áskrifta á sama sviði. Lista yfir uppsagnirnar er að finna í viðauka á bls. 9.

Eins og áður nýtir safnið sér þjónustu birgja, Prenax, til að sjá um áskriftir að titlum hjá vissum útgefendum. Yfirleitt er um einstaka titla hjá litlum útgefendum eða fagfélögum að ræða. Safnið sér sjálft um nokkurn fjölda beinna samninga við útgefendur um staka titla í þeim tilfellum sem það er hagkvæmara. Þar fyrir utan er safnið með beina samninga við nokkra stóra útgefendur um talsverðan fjölda tímarita hjá hverjum og einum, svo sem Springer-Nature, Elsevier-Science Direct, Oxford, Wiley og LWW/WoltersKluwer svo einhverjir séu nefndir. Safnið er með beina samninga um tímaritaáskriftir við 22 erlenda útgefendur. Notkunartölur rafrænna tímarita er að finna í viðauka.

## Samstarf um áskriftir

Heilbrigðisvísindabókasafnið tekur þátt í samstarfi um Landsaðgang að rafrænum gögnum eins og það hefur gert frá upphafi þess verkefnis um síðustu aldamót. Greiðsluhluti Heilbrigðisvísindabókasafnsins árið 2022 var um 25,1 milljón króna.

Þá er áskrift að gagnasafninu CinahI greidd sameiginlega af safninu, Sjúkrahúsinu á Akureyri og Háskólanum á Akureyri. Kostnaði hefur verið skipt í samræmi við notkun stofnananna. Árið 2022 greiddi Heilbrigðisvísindabókasafnið 19% kostnaðar eða um 149.000 krónur.

Gagnagrunnurinn Scopus er keyptur í samlagi með fjórum háskólum HÍ, HR, HA og LBHÍ og fimm aðilum öðrum Hafrannsóknastofnun, Náttúrufræðistofnun, Krabbameinsfélagi Íslands, Náttúrustofu Kópavogs og Landsbókasafni háskólabókasafni. Greiðsluhluti Heilbrigðisvísindabókasafns árið 2022 í áskrift að Scopus var rúmlega 4 milljónir króna.

Á árinu 2021 bættust við áskriftargreiðslur vegna sameiginlegrar áskriftar háskóla og rannsóknarstofnana að IRIS (Pure), upplýsingakerfi um rannsóknir á Íslandi. Greiðsluhlutdeild safnsins í áskriftargjöldum vegna kerfisins árið 2022 nam um 1,2 milljónum króna. Á móti kemur að áskriftargreiðslur vegna Hirslu sem lokað var á árinu féllu niður en þær voru ívið hærri.

## Kennsla

Starfsfólk safnsins tekur að sér kennslu háskólanema innan Heilbrigðisvísindasviðs og er ekki tekin sérstök greiðsla fyrir hana heldur fellur hún undir samninginn milli stofnananna um rekstur safnsins. Námskeiðin fyrir háskólanemana eru nánast alltaf hluti stærri vinnulagsnámskeiða sem kennarar háskólans skipuleggja. Annars vegar eru kenndar leitir í gagnasöfnum á sviði heilbrigðisvísinda og hins vegar notkun heimildaskráningarforrita. Nemendur hafa verið taldir í hvorum hluta fyrir sig enda sjá tveir starfsmenn safnsins um sinn hlutann hvor.

Alls voru kenndar 107 kennslustundir innan vinnulagsnámskeiða deilda Heilbrigðisvísindasviðs HÍ á árinu 2022 og er það fækkun um 13 kennslustundir frá 2021. Fjöldi nemenda á námskeiðunum var 885 sem er fækkun um 79 frá fyrra ári.

Engar skipulagðar kynningar eða námskeið voru haldin sérstaklega fyrir starfsfólk spítalans. Vilji stendur til þess að bjóða kynningar haustið 2023.

Á árinu 2020 var tekinn upp sá siður að skrá fjölda þeirra sem veitt er einstaklingsbundin kennsla og hversu margar heimildaleitir voru gerðar fyrir viðskiptavini safnsins. Á árinu 2022 fengu 50 aðilar einstaklingsbundna kennslu og gerðar voru 22 heimildaleitir. Algengast er að það fari um klukkustund í hverja kennslustund en tíminn sem fer í heimildaleitirnar er yfirleitt lengri en mjög breytilegur.

## Innlent samstarf

Helstu innlendu samstarfsverkefni

### ***IRIS (Pure)***

Verkefnastjóri bókasafnsins var árið 2019 skipaður í stýrihóp upplýsingakerfis um rannsóknir fyrir hönd spítalans en Landsbókasafn-Háskólabókasafn hefur innleiðingu, umsjón og rekstur þess kerfis með höndum skv. ákvörðun Menntamálaráðuneytisins. Upplýsingakerfið sjálft sem keypt var eftir útboð nefnist PURE og er frá Elsevier. Kerfið nefnist IRIS (Icelandic Research Information System ) á íslensku.

Aðgangur að IRISi fyrir gesti og gangandi var opnaður í júní 2022 að undangenginni mikilli vinnu við uppsetningu kerfisins eins og getið hefur verið um í fyrri skýrslum. Vissir hnökrar við móttöku gagna frá Landspítala og birtingu þeirra héldu áfram að gera vart við sig og unnið var í þeim á árinu 2022.

Verkefnahóp Landspítala skipa Anna Sigríður Guðnadóttir á Heilbrigðisvísindabókasafni, Valgerður Backman, vísindadeild og Hulda Guðmundsdóttir hjá HUT. Undirhópar sem skipaðir voru á árinu 2021 héldu áfram störfum á árinu en þeir eru: Skráningarhópur (Guðrún Kjartansdóttir/Halldór Marteinson frá bókasafninu; Upplýsingatæknihópur (Auður Ester Guðlaugsdóttir frá HUT) og hópur um rannsóknarstyrki og umsóknir (Valgerður Backman frá vísindadeild)

Allir háskólar landsins og helstu rannsóknarstofnanir munu verða þátttakendur í kerfinu þegar fram líða stundir.

<https://iris.ra.is/is/organisations/landspitali-the-national-university-hospital-of-iceland>

### ***Landsaðgangur að rafrænum gögnum***

Heilbrigðisvísindabókasafnið hefur tekið virkan þátt í því samstarfsverkefni frá því það hóf göngu sína um síðustu aldamót. Stjórnandi safnsins hefur setið í stjórnarnefnd verkefnisins frá upphafi. Anna Sigríður verkefnastjóri safnsins situr í stjórnarnefnd. Á fundum nefndarinnar eru teknar ákvarðanir um endurnýjanir og eftir atvikum nýjar áskriftir eða uppsagnir.

### ***Samstarf stjórnenda háskólabókasafna.***

Safnið tekur þátt í samstarfi stjórnenda háskólabókasafna á Íslandi sem taka ýmis sameiginleg hagsmunamál háskólabókasafna til umræðu, s.s. nýtt bókasafnskerfi, stefnumótun um opinn aðgang, Íris upplýsingakerfi um rannsóknir, upplýsingalæsi o.s.frv. Anna Sigríður Guðnadóttir, verkefnastjóri safnsins, sinnir þessum verkefnum fyrir hönd þess. Á vegum fyrrgreinds samstarfs stjórnenda háskólabókasafna eru starfandi hópar sem fjalla um upplýsingalæsi og rafbækur sem starfsfólk safnsins hefur tekið virkan þátt í.

### ***Alma – Nýi Gegnir***

Nýja bókasafnskerfið opnaði sumarið 2022. Mikil undirbúningsvinna innan safns og þátttaka í vinnuhópum um skráningu, rafræn gögn, SFX og útlánaþátt á vegum Landskerfis bókasafna hafði hvílt á starfsfólki safnsins við undirbúning innleiðingar. Ýmsir hnöktrar komu í ljós þegar farið var að nota nýja kerfið á árinu 2022 sem þarf að bæta úr.

### ***Samstarf við Landsbókasafn - Háskólabókasafn***

Á árinu 2022 hélt áfram traust og reglulegt samstarf og samtal við Landsbókasafn-Háskólabókasafn með hliðsjón af þeim samningi sem í gildi er um rekstur Heilbrigðisvísindabókasafns LSH og HÍ.

## Erlent samstarf

Eins og komið hefur fram í fyrri ársskýrslum hefur bókasafnið verið þátttakandi í Evrópuverkefninu OpenAIRE frá árinu 2011. OpenAIRE hefur gengið út á að efla umræðu um og vinna að framgangi opinna vísinda (Open Science) í víðum skilningi þar á meðal framgangi opins aðgangs (Open Access) að vísindagreinum og vísindagögnum og varanlegri varðveislu þeirra í samræmi við stefnu Evrópusambandsins. Árið 2021 varð breyting á uppsetningu verkefnisins, það stofnanavætt og gert að s.k. Legal Entity undir hatti European Science Cloud. Á þeim tímamótum tók Landsbókasafn-Háskólabókasafn við sem aðalfulltrúi í verkefninu. Landspítali heldur tengslum við verkefnið sem aukafélagi, associate member. Fulltrúi safnsins er Anna Sigríður Guðnadóttir eins og áður. Nánari upplýsingar um OpenAIRE er að finna hér <https://www.openaire.eu/about>

Anna Sigríður Guðnadóttir er fulltrúi í EAHIL Council sem er ráðgefandi ráð fyrir stjórn EAHIL, Evrópusamtaka heilbrigðisvísindabókasafna. Ráðið fundaði með rafrænum hætti á árinu. Nánari upplýsingar hér: <http://eahil.eu/about-eahil/council/>

Inga Ágústsdóttir er fulltrúi Íslands í norrænum samstarfshópi háskólabókasafna um upplýsingalæsi sem hélt rafræna ráðstefnu um efnið, Creating Knowledge, í Tromsø í júní 2021.

<https://site.uit.no/ck2020/program/>

## Starfsmannamál

Lungann úr árinu 2022 voru starfsmenn safnsins fjórir talsins í jafnmörgum stöðugildum. Bókasafns- og upplýsingarfræðingar voru þrír og einn bókmenntafræðingur. Í september hóf Halldór Marteinson bókasafns- og upplýsingafræðingur störf á safninu. Um áramót 2022/2023 lét Guðrún Kjartansdóttir bókasafns- og upplýsingafræðingur af störfum eftir ríflega 20 ára farsælt starf og tók Halldór við verkefnum hennar.

Starfsfólk safnsins í árslok voru: Anna Sigríður Guðnadóttir, Halldór Marteinson, Inga Ágústsdóttir og Sigurbjörn Svanbergsson.

## Húsnæði, tækjakostur og hugbúnaður

Aðstaða safnsins í Eirbergi er óbreytt. Húsnæðið samanstendur af afgreiðslu, einu tvöföldu herbergi og einu lítlu herbergi þar sem bókasafns- og upplýsingafræðingar safnsins hafa sína vinnuáðstöðu og kennsluherbergi þar sem eru 6 notendatölvur. Þá hefur safnið litla geymslu inn af afgreiðslu.

Aðgerðasvið, sambýlingar safnsins í Eirberg, hafði fengið kennsluherbergið lánað undir starfsmann á árinu 2021 og sú tilhögun hélt áfram fram á vormánuði 2022. Herbergið nýttist samt sem áður til kennslu.

Tækjakostur er óbreyttur fyrir utan tölvubúnað fyrir starfsmanninn sem hóf störf á árinu.

Gamla heimasmiðaða beiðnakerfið í Lotus Notes gaf loks upp öndina og undir árslok var ekki lengur unnt að senda beiðnir í gegnum það. Beiðnir berst því í tölvupósti og starfsfólk safnsins færir þær inn í kerfið sem heldur utan um tölulegar upplýsingar um fjölda afgreiddra beiðna sem og upplýsingar til að rukka inn útlagðan kostnað vegna millisafnalána/greinakaupa sem bókhaldið tekur út úr kerfinu mánaðarlega. Á árinu 2023 verður skoðað hvort henti að taka upp millisafnalánabátt Gegnis í stað gamla kerfisins.



## Viðaukar

[Nýjar rafbækur, tímarit og bækur 2022.](#)

[Uppsagnir áskrifta.](#)

[Starfsemistöölur.](#)

[Notkunartölur.](#)

### Nýjar rafbækur:

Engar

### Nýjar tímaritaáskriftir 2022:

Anesthesiology Clinics
Critical Care Nursing Clinics of North America
Emergency Medicine Clinics of North America
European Geriatric Medicine
Hand Clinics
Journal of Allergy and Clinical Immunology. In practice
Nature Reviews Disease Primers
Pediatric Clinics of North America
Physiotherapy. Therapy and Practice
Rheumatic Disease Clinics of North America

### Prentaðar bækur keyptar 2022:

Challenge Your OCD!: A CBT Workbook for Young People with ASD
Challenging OCD in Young People with ASD: A CBT Manual for Therapists
Handbók í lyflæknisfærði
Rannsóknir-handbók í aðferðafræði

### Uppsagnir áskrifta sem tóku gildi áramót 2021/2022:

Tímarit:
Nature Cell Biology
Research in Nursing and Health
Science Translational Medicine
Bækur:
APA PsycBooks

## Starfsemistölur

Lykiltölur	2022	2021
<b>Afgreiddar greinar úr safnkosti</b>		
Til starfsmanna ofl.	87	102
Til bókasafna - innlendra og erlendra	3	2
<b>Samtals:</b>	<b>90</b>	<b>104</b>
<b>Aðfengnar greinar, bækur ofl. frá öðrum söfnum</b>	<b>100</b>	<b>203</b>
<b>Fjöldi útlána á safnefni</b>	<b>3</b>	<b>12</b>
<b>Fjöldi keyptra prentaðra bóka</b>	<b>4</b>	<b>1</b>
<b>Heimildaleitir fyrir starfsfólk</b>	<b>22</b>	<b>27</b>
<b>Einkakennsla (Fjöldi einstaklinga)</b>	<b>50</b>	<b>62</b>
<b>Fjöldi námskeiða og kynninga innan LSH</b>	<b>0</b>	<b>2</b>
<b>Fjöldi þátttakenda á námskeiðum og kynningum innan LSH</b>	<b>0</b>	<b>9</b>
<b>Kennslustundir f. HÍ</b>	<b>107</b>	<b>120</b>
<b>Fjöldi nema HÍ í kennslustundum</b>	<b>885</b>	<b>964</b>
<b>Hirsla fjöldi greina í árslok</b>	<b>Lokuð</b>	<b>7774</b>
<b>ÍRIS/PURE fjöldi greina í árslok</b>	<b>8494</b>	
<b>OpenAthens nýir notendur á árinu</b>	<b>449</b>	<b>486</b>
<b>OpenAthens fjöldi skráninga í árslok</b>	<b>1.408</b>	<b>1252</b>
<b>OpenAthens innskráningar</b>	<b>5.523</b>	<b>5075</b>

**Notkunartölur.**

<b>Notkun rafrænna tímarita og gagnasafna</b>	<b>2022</b>	<b>2021</b>
<b>Rafræn tímarit - fjöldi greina bæði HTML og PDF.</b>		
AACR	1.351	758
American Academy of Pediatrics	1304	1.419
American Academy of Neurology	410	
ACP American College of Physicians (Annals of Internal Medicine)	471	531
AMA (JAMA +)	6.319	4.871
ASM	1.053	484
American Society of Neuroradiology (AJNR American Journal of Neuroradiology)	264	287
American Society of Nephrology	292	
American Association of Immunology (Journal of Immunology)	600	795
BMJ Journals	11.323	6.113
Cambridge University Press	725	558
Canadian Medical Association	137	
Cell tímaritin	1.069	966
Ebsco Host**	3.764	4.126
Elsevier	45.939	36.218
European Respiratory Society	1.203	1.121
Karger*	1.001	1.119
Maryann Liebert	477	345
Lippincott Williams and Wilkins (LWW)	27.751	19.689
Mark Allen Group	595	
Nature Publishing Group	9.812	8.633
NEJM	7.650	7.815
Journal of Rheumatology	86	
Oxford University Press	7.619	7.709
ProQuest - rafræn tímarit**	660	898
PsycArticles	359	149
Rockefeller University Press	335	81
Sage Publications***	3.486	3.655
Science og Science Translational Medicine	696	600
Springer*	19.914	13.921
Taylor & Francis	6.012	3.286
Wiley	2.856	2.219
Wiley-Blackwell landsaðgangur*	18.925	18.461
<b>Samtals:</b>	<b>184.458</b>	<b>146.827</b>

\* Landsaðgangur, beint frá útgefanda

\*\* Landsaðgangur, birtingartöf, greinasöfn, margir útgefendur

\*\*\*Landsaðgangur beint frá útg.+ 1 séráskrift

<b>Notkun rafrænna gagnasafna og tímarita, framhald</b>		
	<b>2022</b>	<b>2021</b>
<b>Gagnasöfn</b>		
Best Practice (BMJ) leitir	4.285	3.480
Cinahl (Ebscohost) leitir	4.862	3.770
Cochrane Clinical Answers	í Cochrane Library	106
Cochrane Library (Wiley)	964	
EBM Reviews leitir (Cochrane OVID)	Flutt, Cochrane Library	1.631
Global Health leitir	273	31
Joanna Briggs (leitir)	733	423
Natural Medicines	877	748
Ovid Medline leitir	1.158	1.506
PsycBooks leitir	10	31
PsycInfo leitir (result clicks)	1.529	1.994
Scopus-leitir	20.940	18.410
UpToDate - Topic Reviews	97.506	115.246
Micromedex	10.453	14.848
<b>Samtals:</b>	<b>143.590</b>	<b>162.224</b>

<b>Rafbækur, notkun</b>	<b>2022</b>	<b>2021</b>
Books@Ovid -title requests	223	220
Medicines Complete	4.948	5.125

